

**Fundargerð 25. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 31. maí 2016 kl. 13.00**

**Dagskrá:**

1. Minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
2. Árleg greinargerð stýrihópsins
3. Byggðaaætlun 2017-2023
4. Endurskoðuð sóknaráætlun Austurlands
5. Brothættar byggðir - kynningarfundur með verkefnisstjórum
6. Úttekt Ríkisendurskoðunar
7. Önnur mál

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Héðinn Unnsteinsson (FOR, vék af fundi kl. 13.30), Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir (UTN), Karl Björnsson (sambandinu), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð. Jafnframt sat Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) fundinn.

**Fjarverandi:** Elvar Knútur Valsson (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þór G. Þórarinnsson (VEL) og Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum).

Fundargerð 24. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð Ingibjörgu Rafnar Pétursdóttur velkomna í stýrihópinn, en hún tekur sæti Unnar Orradóttur Ramette sem fulltrúi utanríkisráðuneytis.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Formaður greindi frá því að minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hefði verið tekið fyrir og samþykkt á ríkisstjórnarfundum fyrir í mánuðinum. Gert er ráð fyrir að efni minnisblaðsins verði kynnt á fundi með ráðuneytisstjórum.

**2. Drög að árlegri greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Formaður og verkefnisstjóri gerðu grein fyrir vinnu við gerð árlegrar greingargerðar stýrihópsins til ráðherra. Vinnan hefur gengið hægar en vonir stóðu til. Stefnt er að því að greinargerðin verði tilbúin fyrir lok júní mánaðar.

**3. Vinna við mótun byggðaaætlunar 2017-2023**

Greint var frá vinnu við mótun nýrrar byggðaaætlunar fyrir árin 2017-2023. Vinnan hefur meðal annars falist í samráðs- og kynningarfundum með stjórnendum ráðuneyta og samráðsvettvöngum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þegar hefur verið fundað með öllum ráðuneytum, fyrir utan velferðarráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyt. Þá hafa verið haldnir fundir með fjórum landshlutum og búið að festa fundatíma á næstu dögum með þremur til viðbótar. Fundirnir hafa gengið vel og hafa verið gagnlegir.

Minnt var á skapalónið sem sent var til allra ráðuneyta til útfyllingar varðandi áætlanir og aðgerðir innan hvers ráðuneytis sem tengjast byggðaþróun. Enn sem komið er hefur aðeins umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið brugðist við og sent upplýsingar.

#### **4. Endurskoðuð sóknaráætlun Austurlands**

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir er landshlutunum heimilt að uppfæra áætlanirnar innan gildistímans, og þá með sömu skilyrðum og gilda um upphaflega mótun hennar. Það felur meðal annars í sér að stýrihópurinn staðfestir endurskoðaðar sóknaráætlanir. Austurland hefur endurskoðað sína sóknaráætlun og sent stýrihópnum til staðfestingar, dags. 25. maí sl., ásamt greinargerð vegna endurskoðunarinnar. Í greinargerðinni kemur fram að ábendingar hafi borist um að opna enn frekar fyrir aðkomu og áhrif almennings á Austurlandi að sóknaráætlun og hafi það meðal annars verið gert með opnum íbúafundi með þátttöku um 120 íbúa.

Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti endurskoðaða sóknaráætlun Austurlands. Jafnframt lýstu fundarmenn ánægju með það vinnulag sem Austfirðingar viðhöfðu við endurskoðunina.

#### **5. Brothættar byggðir - kynningarfundur með verkefnisstjórum**

Formaður fór yfir dagskrá kynningarfundar um verkefnið Brothættar byggðir, sem haldinn verður í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 1. júní og er stýrihópurinn boðinn til fundarins. Á fundinum verður farið yfir ramma verkefnisins og tengingu þess við ráðuneytin. Þá munu verkefnisstjórar þátttöku byggðalaga kynna áherslur og stöðu hvers verkefnis.

#### **6. Úttekt Ríkisendurskoðunar**

Formaður vakti athygli á nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis (maí 2016) *Eftirfylgni: Stuðningur við atvinnu- og byggðaþróun*. Í skýrslunni kemur fram að Ríkisendurskoðun telur að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafi brugðist með fullnægjandi hætti við fjórum ítrekuðum ábendingum sem stofnunin beindi til þess árið 2013 og lúta að stuðningi ríkisins við atvinnu- og byggðaþróun. Fram kom hjá formanni að ný lög nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlanir spiluðu það stórt hlutverk.

Fundarmenn fögnuðu niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og töldu ástæðu til að vekja athygli ráðuneytanna á henni.

#### **7. Önnur mál**

##### *a) Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði*

Fulltrúi forsætisráðuneytisins greindi frá því að ríkisstjórnin hefði á fundi sínum fyrr um daginn ákveðið að skipa nefnd, undir forystu forsætisráðuneytisins, sem vinni aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði. Nefndin á að starfa í nánu samstarfi við önnur ráðuneyti, við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og Fjórðungs-samband Vestfirðinga. Lagt er til að nefndin skili tillögum eigi síðar en 31. ágúst næstkomandi.

##### *b) Hæfisreglur stjórnsýslulaga*

Á síðasta fundi stýrihópsins var fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga falið með skoða, með lögfræðingum sambandsins, mögulegt vanhæfi fulltrúa í úthlutunarnefndum uppbyggingarsjóða með hliðsjón af stjórnsýslulögum. Ekki hefur gefist tími til að skoða þetta og málinu því frestað til næsta fundar.

*c) Áhersluverkefni 2016*

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta á stýrihópurinn að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Enn sem komið er hafa einungis tveir landshlutar, Austurland og Vestfirðir, óskað staðfestingar stýrihópsins á tillögum sínum að áhersluverkefnum fyrir árið 2016. Verkefnisstjóra var falið að kalla eftir upplýsingum um hvenær áætlað er að áhersluverkefni berist stýrihópnum til staðfestingar.

Rætt var sérstaklega um Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem samráðsvettvangur þeirra hefur enn ekki komið saman. Á 14. fundi stýrihópsins þann 10. júní 2015 var SSH veitt tímabundin undanþága frá skipan samráðsvettvangs. Stýrihópurinn setti þá það skilyrði að samráðsvettvangurinn yrði skipaður eigi síðar en í september 2015 og að hann kæmi að endurskoðun á sóknaráætlun og vali á áhersluverkefnum, líkt og kveðið er á um í samningunum. Verkefnisstjóra falið að kalla eftir upplýsingum um skipan samráðsvettvangs höfuðborgarsvæðisins.

*d) Ljósleiðari*

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga greindi frá að sambandið hefði átt fund með fjárlaganefnd fyrr í vikunni. Þar var meðal annars rætt um lagningu ljósleiðara út frá byggðasjónarmiðum. Rætt var um að stýrihópurinn óskaði eftir fundi með innanríkisráðuneytinu og Póst- og fjarskiptastofnun til að ræða stöðuna.

*e) Næsti fundur stýrihóps*

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn þriðjudaginn 21. júní kl. 15.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.